

Svar

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frimannsdóttur um jafnréttis-
áætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

1. *Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?*

Í ráðuneytinu hefur um nokkurt skeið verið unnið að gerð framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess og er sú vinna unnin undir forystu jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins. Áætluninni sem nú er í smíðum er fyrst og fremst ætlað að skilgreina hlutverk og verkefni jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins og verður hún byggð m.a. á jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins sem verið er að ganga frá og mun birtast í starfsmannahandbók Stjórnarráðsins sem liggur fyrir í loka-
drögum. Ráðuneytið safnar árlega upplýsingum um stöðu jafnréttismála hjá stofnunum ráðuneytisins og nokkrar af undirstofnunum þess hafa sett sér markmið í jafnréttismálum. Stjórnendur ráðuneytisins eru meðvitaðir um jafnan hlut kynjanna við mat á umsóknum og við val á starfsfólki, sbr. III. kafla laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Hæfni umsækjenda er meginforsenda við val á umsækjendum, en hlutföll kynja eru einnig höfð til hliðsjónar.

2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margar umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margar þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Auglýst hafa verið ellefu störf á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár. Um var að ræða stöðu skrifstofustjóra lyfjamálaskrifstofu, sex stöður deildarstjóra, ein staða bókasafnsfræðings og þrjár stöður stjórnarráðsfulltrúa.

1. Um stöðu skrifstofustjóra lyfjamálaskrifstofu sóttu þrír karlar og karl var ráðinn.
2. Um stöðu deildarstjóra á fjármálaskrifstofu sóttu tveir karlar og karl var ráðinn.
3. Um stöðu deildarstjóra á fjármálaskrifstofu sóttu tvær konur og sjö karlar og karl var ráðinn.
4. Um stöðu deildarstjóra á fjármálaskrifstofu sóttu fimm konur og tíu karlar og karl var ráðinn.
5. Um stöðu deildarstjóra á lögfræðiskrifstofu sóttu sjö konur og tveir karlar og kona var ráðin.
6. Um stöðu deildarstjóra á lögfræðiskrifstofu sóttu þrjár konur og einn karl og kona var ráðin.
7. Um stöðu deildarstjóra á skrifstofu heilsugæslu-, sjúkrahús- og öldrunarmála sóttu sex konur og fimm karlar og kona var ráðin.
8. Um stöðu bókasafnsfræðings sóttu sex konur og kona var ráðin.
9. Ráðningar á þremur stjórnarráðsfulltrúum fóru í gegnum ráðningarskrifstofu, 17 konur sóttu um og voru þrjár konur ráðnar.

3. Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?

Ráðið hefur verið í tvær stöður án auglýsingar á síðustu þremur árum. Um er að ræða tvær stöður deildarstjóra eða sérfræðinga og um var að ræða eina konu og einn karl. Þrír starfsmenn komu til starfa eftir tilflutning frá öðrum opinberum aðilum. Hér var bæði um að ræða tilflutning innan Stjórnarráðsins og frá stofnunum ráðuneytisins. Hér var um að ræða stöðu fjármálastjóra, deildarstjóra og stjórnarráðsfulltrúa og allir þessir starfsmenn eru konur. Auk þess fluttist einn starfsmaður með verkefni sem var fært inn í ráðuneytið en hafði áður verið hjá Reykjavíkurborg, þessi starfsmaður er kona. Enn fremur hafa verið ráðnir starfsmenn í sumarafleysingar og til að leysa einstök afmörkuð tímabundin verkefni.

4. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?

Í töflunum hér á eftir er yfirlit yfir nefndir, ráð, stjórnir og vinnuhópa á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Nefnd	Dagsetning skipunarbréfa	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall kvenna	For- maður, karl/kona	Áætluð verklok
Stjórnir kosnar af Alþingi						
Tryggingaráð	16.06.99	5	2	40%	karl	
Stjórnarnefnd ríkisspítalanna	22.12.99	7	3	43%	kona	2003
Nefndir, stjórnir eða ráð skipuð af ráðherra samkvæmt lögum/reglugerðum.						
Áfengis- og vímuvararáð	28.9.98	8	6	75%	karl	
Afgreiðslunefnd um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra	1.10.99	3	0	0%	karl	til fjögurra ára
Geislavarnir ríkisins	1.1.98	3	0	0%	karl	til fjögurra ára
Hjúkrunarráð	11.1.00	3	3	100%	kona	til fjögurra ára
Kvartananefnd, nefnd um ágreiningsmál	29.11.99	3	1	33%	karl	til fjögurra ára
Ljósmeðraráð	1.1.00	3	3	100%	kona	til fimm ára
Lyfjanefnd ríkisins	1.11.00	7	1	14%	karl	31.10.04
Lyfjaverðsnefnd	10.11.99	3	1	33%	karl	
Manneldisráð	1.10.98	5	3	60%	kona	30.09.02
Nefnd um greiðsluþátttöku skv. 41. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994	5.12.00	5	1	20%	karl	til fjögurra ára
Nefnd um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa	24.10.91	3	0	0%	karl	til fjögurra ára
Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðisviði	24.2.99	3	1	33%	karl	til fjögurra ára
Samstarfsnefnd um málefni aldraðra	28.1.00	6	1	17%	karl	til næstu alþingis-kosninga
Samstarfsnefnd skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 19/1997 (um smitnæma sjúkdómsvalda)	8.11.00	3	1	33%	karl	
Sérfræðinefnd samkvæmt reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf	17.3.00	3	3	100%	kona	
Sérfræðinefnd samkvæmt reglugerð um sérfræðileyfi sálfræðinga	24.7.98	3	0	0%	karl	
Sérfræðinefnd samkvæmt reglugerð um veitingu sérfræðileyfa í sjúkrahjálfun	1.10.01	3	2	67%	karl	til fjögurra ára
Síðanefnd innan heilsugæslunnar skv. 2. gr. reglug. um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði	23.10.01	4	2	50%	kona	til fjögurra ára
Siglinganefnd		5	0	0%	karl	ótímabundið
Slysavarnaráð	13.4.99	8	0	0%	karl	til fjögurra ára
Sóttvararáð	1.9.98	7	1	14%	karl	til fjögurra ára
Stjórn Heilsustofnunar Náttúrulekningafélags Íslands	2.11.01	5	1	20%	karl	til tveggja ára

Stjórn Heilsugæslunnar í Reykjavík	8.7.98	5	0	0%	karl	
Stjórn Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands	13.10.00	6	3	50%	karl	
Stjórn Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, Sjónstöð Íslands	1.1.01	3	0	0%	karl	til fjögurra ára
Stöðunefnd	1.12.98	3	1	33%	karl	30.11.01
Tannverndarráð		4	3	75%	kona	ótímabundið
Tóbaksvarnanefnd	1.4.01	3	1	33%	karl	til fjögurra ára
Úrskurðarnefnd (ráðgjöf/fræðsla um kynlíf, barneignir, fóstureyðingar o.fl.)	19.12.97	3	2	67%	karl	til fjögurra ára
Úrskurðarnefnd almennatrygginga	1.7.99	3	1	33%	karl	30.06.03
Úrskurðarnefnd um tækniþrjögungun	1.7.99	3	2	67%	karl	til fjögurra ára
Vísindasiðanefnd	25.8.99	6	2	33%	kona	til fjögurra ára
Nefndir og vinnuhópar skipaðir til að sinna ákveðnum verkefnum						
Nefnd sem fylgist með vistunarmati aldraðra á landsvísu	lok árs 1990	5	1	20%	karl	
Nefnd (um innri mælingar á þörf fyrir hjúkrunarheimili aldraðra)	3.8.93	6	4	67%	karl	
Byggingarnefnd vegna barnaspítala á Landspítalalóð	16.6.94	5	1	20%	karl	
Byggingarnefnd vegna framkvæmda við D-álmú Sjúkrahúss/heilsugæslu Suðurnesja	2.4.97	3	1	33%	karl	
NOSOSKO	23.11.95	3	1	33%	karl	
Lífæraígræðslunefnd	22.1.97	5	1	20%	karl	
Nefnd til að endurskoða lög og reglur um sálfræðinga	15.4.97	5	2	40%	kona	
Verkefnisstjórn um fækkun slysa á börnum og unglingum	8.4.98	8	5	63%	karl	til þriggja ára
Nefnd um endurskoðun greiðslukerfa hjúkrunarheimila	15.4.99	7	4	57%	kona	
Nefnd vegna samninga Íslands við erlend ríki á sviði heilbrigðis- og tryggingamála	23.11.98	6	1	17%	karl	
Verkefnisstjórn sem hefur það verkefni að þróa nánar og fylgja eftir hugmyndum um útboð á byggingum og rekstri hjúkrunarheimilis aldraðra í Reykjavík sem hýsa 60 skjólstaðinga	24.11.98	5	1	20%	karl	
Nefnd sem skipuleggur störf sálfræðings (tilraunaverkefni á Suðurlandi)	15.1.99	3	1	33%	kona	
Vinnuhópur, vinna að gerð almennrar kröfulýsingar fyrir sjúkraskrárkerfið	18.5.99	7	2	29%	karl	
Vinnuhópur, upplýsingar sem reglubundið eru skráðar um heilbrigðismál hjá opinberum aðilum	12.4.00	8	4	50%	karl	árslok 2001
Vinnuhópur til að kanna kosti og galla þess að Blindrafélagið mundi annast rekstur Sjónstöðvar Íslands	17.4.00	3	1	33%	kona	
NOMESKO	1.6.99	3	2	67%	karl	til fjögurra ára
Nefnd (leiðir vegna aðskilnaðar kaupanda og veitanda heilbrigðisþjónustu á Íslandi)	18.2.00	10	4	40%	karl	
Stýrihópur til að móta stefnu í málefnum aldraðra til næstu fimm tít ára	12.4.00	6	2	33%	karl	1.1.02
Samstarfsráð um gæðamál heilbrigðiskerfisins	26.4.00	12	7	58%	karl	31.12.02
Gigtarráð	31.5.00	8	3	38%	kona	til fjögurra ára
Nefnd, samvinnuverkefni heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis, landlæknis og öldrunarstofnana (laða að fólk í öldrunarþjónustu)	8.9.00	7	5	71%	kona	
Nefnd, samkvæmt stefnu ríkisstjórnar í málefnum langveikra barna (4 ráðuneyti, htr., fél., mmr., fjr.)	12.9.00	4	2	50%	kona	
Nefnd, vaktar ónæmi fyrir sýklalyfjum í mönnum, dýrum og umhverfi, ofnotkun	20.9.00	7	0	0%	karl	
Verkefnisstjórn fyrir heilbrigðisnetið	30.5.01	3	0	0%	karl	árslok 2002
Starfsnefnd, hugmyndir um framtíðaruppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss	31.5.01	5	2	40%	kona	1.12.01
Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna	22.8.01	13	2	15%	kona	1.12.02

Samráðshópur um inntöku vistmanna á Hjúkrunarheimilið Sóltún, Reykjavík	10.10.01	3	3	100%	kona	þrjú ár í einu
Starfshópur til að gera tillögur um eflingu heilsugæslunnar í landinu	10.10.01	7	3	43%	karl	
Samtals		291	108	37%		

Samtals 59 nefndir, ráð, stjórnir eða vinnuhópar.

Stjórn	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall kvenna	Formaður, karl/kona
Stjórnir sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva				
Borgarnes	5	2	40%	karl
Ólafsvík	5	3	60%	karl
Grundarfjörður	5	4	80%	karl
Búðardalur	5	0	0%	karl
Dalvík	5	3	60%	karl
Reynslusveitarfélagið Akureyri (ekki búið að skipa stjórn)	5	4	80%	karl
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður (ekki búið að skipa stjórn)	5	2	40%	kona
Kirkjubæjarklaustur	5	2	40%	karl
Vík í Mýrdal	5	1	20%	karl
Rangárþing (Hella og Hvolsvöllur)	5	2	40%	kona
Laugarás	5	3	60%	karl
Hveragerði	5	4	80%	karl
Mosfellsbær	5	1	20%	karl
Þorlákshöfn	5	4	80%	karl
Sólvangur Hafnarfirði (heilsugæslust.)	5	2	40%	karl
Garðabær	5	4	80%	kona
Kópavogur	5	3	60%	karl
Seltjarnarnes	5	4	80%	kona
Stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavík	5	0	0%	karl
Stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa				
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	5	2	40%	karl
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	5	3	60%	kona
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	5	3	60%	kona
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	5	3	60%	karl
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	5	2	40%	karl
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	5	2	40%	kona
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	5	1	20%	karl
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	5	2	40%	karl
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	5	2	40%	kona
Stjórn Hornbrekku á Ólafsfirði (heilsugæslustöð, dvalar- og hjúkrunarheimili)	5	4	80%	kona
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	5	3	60%	karl
Heilbrigðisstofnun Austurlands	5	2	40%	kona
Heilbrigðisstofnunin Selfossi	5	2	40%	karl
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	5	2	40%	kona
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	5	2	40%	karl
Stjórn St. Jósefsspítala, Hafnarfirði	5	4	80%	kona
Sólvangur Hafnarfirði (sjúkrahúsið)	5	3	60%	kona
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	5	1	20%	karl
Sjálfsagnarstofanir				
Stjórn St. Franciskusspítala, Stykkishólmi				ráðherra tilnefnið mann í stjórnina
Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Kirkjubæjarklaustri	5	3	60%	karl
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	5	1	20%	karl
Samtals	195	95	49%	

Samtals 40 stjórnir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.